

Adalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudags. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum sínum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Adalsími
81333

Kvöldsími
81348

Helgarsími
afgreiðslu
81663

„Þetta lærðist með því að vinna og vinna“

segir Asgerður Búadóttir um myndvefnað sinn

„Ég er ein af þeim sem ekki kann að útskýra verkin fyrir fólki,“ segir Asgerður Búadóttir, og vísar þar með á bug hnýsum spurningum um merkingu verka sinna. „Ég vil helst að verkin skýri sig sjálf.“

1 dag, laugardaginn 10. október, opnar Listasafn alþýðu yfirlitssýningu á verkum Asgerðar Búadóttur, en hana þarf vart að kynna svo löngu fræg sem hún er orðin fyrir myndvefnað sinn bæði heima og heiman: „einn fremsti listamaður þjóðarinnar og frumkvöðull nútíma myndvefnaðar,“ eins og Hörður Agústsson segir í sýningarskrá. Langt er þó síðan hún hélt síðast einkasýningu, og því er ekki úr vegi að kynna listamanninn fyrir lesendum.


Asgerður Búadóttir fæddist í Borgarnesi, næstýngst fimm barna hjónanna Ingibjargar Teitsdóttur og Búa Asgeirssonar frá Stað í Hrútafirði. Þriggja ára flutti hún með foreldrum og systkinum til Reykjavíkur þar sem hún hefur búið æ síðan.

Asgerður lauk námi frá Handíða- og myndlistaskólanum árið 1946, var síðan í málaraðeild við Konunglega akademíið í Kaupmannahöfn og fór í námsferðir til Hollands og Frakklands 1947 og 1949. Til Íslands kom Asgerður ásamt manni sínum Birni Th. Björnssyni árið 1950 og hér hefur hún dvalið svotil óslitið síðan. Asgerður flutti með sér vefstól frá Kaupmannahöfn.

— Og þú byrjaðir þá strax að vefa?

„Nei, ekki get ég sagt það. Ég var afskaplega óráðin og var þar að auki komin með heimili og barn. Það sem tók af skarið held ég að hafi verið þetta stutta námskeið sem ég sótti hjá Guðrúnu Jónasdóttur, vefnaðarkennara, en það hélt hún í Steinahlíð hjá henni ídu.“

— Hvernig stóð á því, að þú hafðir vefstól í farangrinum frá Kaupmannahöfn?



Asgerður Búadóttir blaðar í sýningarskránni, en hún er hið vandaðasta verk. Ljós. -eik.

„Ég var búin að teikna mikið, bæði hér í Handíðaskólanum og í akademíunni í Kaupmannahöfn en þegar kom að málverkinu fór ég að hugleiða hvort ég væri þarna á réttri leið. Jóhanna Sveinsdóttir var í Kaupmannahöfn og ég hafði séð nokkur verka hennar, og síðar sá ég góðelínvefnað í Frakklandi.

Þetta voru í raun einu kynni mín af vefnaði, og ég get með engu móti útskýrt hvernig á því stóð að áhuginn kviknaði. Ef til vill hefur þetta verið að skýrast fyrir mér ómeðvitað.

Það var afskaplega stopult hvað ég gaf mig að þessu í byrjun — ég smáfikraði mig áfram. Stundum þegar ég lenti í vand-

ræðum fannst mér að ég hefði frekar átt að fara í listiðnaðarskóla, því þar hefði ég þó lært vefnaðartæknina, en nám mitt á akademíunni var í teiknun og málun. Þegar ég var komin yfir erfiðasta hjallann fannst mér hins vegar að námið í listaskólanum hefði einhvern veginn verið mér betra veganesti — gefið mér að mörgu leyti gleggri myndsyn.“

— Þú lærðir sem sé aldrei vefnaðartækni að undanskildu námskeiðinu hjá Guðrúnu?

„Nei, ég hef lært þetta smátt og smátt. Mitt nám í vefnaði fór fram á þann hátt, að ég vann og vann og grét stundum yfir mistökunum, las mér til og hélt áfram að vinna.“

Og Asgerður hefur svo sannarlega unnið sér til frægðar. Hún hlaut gullverðlaun fyrir verk sín á fyrstu sýningunni sem hún tók þátt í, en það var 8. Alþjóðlega listiðnaðarsýningin í München árið 1956. Síðan hefur hún tekið þátt í ótal sýningum. Fjörtán ár eru þó liðin frá síðustu einkasýningu hennar, en hún var í Unuhúsi við Veggústa- stíg árið 1967. Hvers vegna liður svo langt á milli sýninga?

„Það var eiginlega ekki fyrr en með tilkomu þessa salar hjá Listasafni alþýðu að ég fór að hugleiða sýningu. Þetta er eini sýningarsalurinn hérna þar sem dagsbirtu nýtur, en einmitt hún er svo mikilvæg til að vefnaður fái notið sín. Myndvefnaður er einnig ákaflega tímafrek listgrein og í hæsta lagi eru unnin 5-6 verk á ári. Það tekur því tíma að vinna upp heila sýningu.“


Asgerður Búadóttir er 3ja barna móðir og hefur alla tíð séð um heimili ásamt því að stunda myndvefnað. „Nu síðustu árin hefur mér orðið æljósara, að ég þarf að vera svoltið eigingjörn ef vel á að vera. Ég hef fullan hug á því að vera það, enda allar aðstæður fyrir hendi nú þegar börnin eru komin upp, telpan okkar er ennþá heima, en hún er orðin 14 ára,“ segir Asgerður að lokum.

Sýning Asgerðar í Listasafni alþýðu stendur til 1. nóvember næstkomandi. Asgerður tekur þátt í sýningu listamannahópsins „Kolkisterna“ í janúar í Kaupmannahöfn og henni hefur verið boðið að sýna í Stokkhólmi í febrúar. Einnig á hún verk á sýningunni „Scandinavian today“, en sú sýning hefst á næsta ári og fer um 5 borgir Bandaríkjanna næstu tvö árin.

Við óskum Asgerði til hamingju með sýninguna og þökkum fyrir viðtalið.

— ast

nafn vikunnar



Guðmundur Axelsson

Um fátt hefur verið talað meira í vikunni en Lifshlaup Kjarvals, það verð sem eigandi verksins, Guðmundur Axelsson setur upp fyrir það og tilboð Reykjavíkurborgar. Sýnist sitt hverjum en mikið ber þarna í milli.

„Reykjavíkurborg fær þetta ekki“, sagði Guðmundur í gær. — Hverjum ætlaðu þá að selja? „Það kemur allt í ljós“, var svarið. Tilboð borgarinnar hljóðaði upp á 140 milljónir gamalla króna.


40 milljónir til Guðmundar sem þóknun og 100 milljónir gamlar í kostnað skv. reikningum. Mörgum finnst þetta vel boðið en Guðmundur er á öðru máli. Hann býður verkið falt fyrir 170 milljónir gamalla króna sem þá færu í kostnað og þóknun til hans — að því tilskyldu að kaupandi greiddi alla skatta og skyldur sem af viðskiptunum hljóta. Þar er um litlar 140 milljónir gamlar að ræða þannig að borgin þyrfti að láta 310 milljónir gamlar fyrir Lifshlaupið. Mörgum finnst það of hátt verð.

Sem stendur virðist hvorugur þessara aðila koma auga á milli veg — staðan er þátt eins og sagt er í skákinni. Þar sem Guðmundur rekur verslun með listaverk ber hann meiri skatta en einstaklingur sem selur eitt stykki málverk úr eigu sinni og hann bendir á að hann muni fá 14,5 milljónir gamlar fyrir sinn snúð þegar skattar hafa verið greiddir af tilboði borgarinnar. Öfundur Asgeirsson hafi hins vegar fengið 10 gamlar milljónir í vor fyrir rauðkrítarmynd eftir Kjarval hjá borginni og ekki purft að borga neina skatta.

Menn hafa skipst í tvö horn í umræðum um þetta mál. Margir telja Guðmund í Klausturhólum vandan kaþalasta sem ætli sér það eitt að blóðmjólka borgina og þeir hinir sömu sjá enga ástæðu til að hlaupa lengi á eftir slíkum viðskiptum. Aðrir telja hins vegar að Guðmundur hafi sýnt áráðni og tekið gífurlega áhættu þegar hann bjargaði þessu ómetanlega listaverki. Þeir hinir sömu spyrja sem svo: Ætli borgin eða ríkið hefðu kostað svo miklu til og tekið svo mikla áhættu ef þessir aðilar hefðu keypt verkið í upphafi en ekki Guðmundur?

Guðmundur hefur sagt að erlendir aðilar hefðu áhuga á að eignast verkið en engar staðfestingar hafa fengist fyrir því. Upplýst er að danska tilboðið er lægra en tilboð borgarinnar. Guðmundur sagði í viðtali við Þjóðviljann að hann ætti von á öðru erlendu tilboði næstu daga en enginn veit hversu hátt það er né hvaðan. Mörgum finnst ótrúlegt að útlendingar hafi áhuga á að eignast Lifshlaupið, aðrir benda á að Kjarval sé hátt skrifður á ýmsum þekktum listasöfnum, m.a. í Nýlistasafninu í New York þannig að ekkert sé ótrúlegt í þeim efnum.

En þótt menn hafi skiptar skoðanir um viðskipti borgarinnar og Guðmundar eru flestir á einu máli um að verkið megi ekki fara úr landi. Og hver á þá næst leik?



Asgerður við tvö verka sinna frá þessu ári: stóra verkið heitir „Vonin“ en verkið t.h. heitir „Tenning með tilbrigði II“. Ljós. -eik.